

## EYJAN HVÍTA

Í afmælikveðju frá merkiskonunni dr. Annie Besant, sem prentuð er í Adyar Bulletin 1922, s. 262, standa þessi orð, sem mjög eru eftirtektarverð: I see the star that shines ever over the White Island: Ég sé stjörnuna, sem skín alltaf yfir eyggi hvítu.

Frú Besant er kona skyggn mjög, og stjarnan, sem hún sér, skín — þó að ekki skilji hin skyggn kona það sjálf — yfir því landi, sem ágætur snillingur kallaði einmitt eyga hvítu. Hamingjustjarna Íslands er það sem hún sér, og að sú stjarna er nú farin að verða sýnileg um alla jörð, þeim sem skyggnir eru, kemur til að því, að vorið sem Jónas Hallgrímsson boðaði með svo ágætum orðum, er ekki eins langt undan og líklegt mundi þykja, í vorleysi því, sem nú er.

11. maí '23.